

18. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi með síðari breytingum, 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og 40. gr. laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd, og öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 632/1995 og I. kafli reglugerðar nr. 288/1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. desember 1996.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

REGLUR

um aðgang að gögnum Seðlabanka Íslands, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 50 24. maí 1996.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands setur hér með eftirfarandi reglur um aðgang að gögnum bankans á grundvelli ákvæða 2. mgr. 10. gr. upplýsingalaga nr. 50 24. maí 1996:

1. gr.

Beiðni um aðgang að gögnum skal vera skrifleg á eyðublaði sem bankinn leggur til. Eyðublöð liggja frammi í afgreiðslu bankans að Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

2. gr.

Fullbúinni beiðni á eyðublaði skv. 1. gr. skal skilað til bankastjórnar Seðlabankans. Bankastjórn tekur ákvörðun um afgreiðslu hversrar beiðnar um aðgang að gögnum.

3. gr.

Um gjald fyrir ljósrit eða afrit af gögnum fer skv. gjaldskrá fyrir ljósrit eða afrit sem veitt eru á grundvelli upplýsingalaga, nú nr. 579/1996.

4. gr.

Reglur þessar taka ekki til reglulegra munnlegra eða skriflegra fyrirspurna um ákveðna þætti úr upplýsingakerfum Seðlabankans, svo sem gengi gjaldmiðla, vexti á tilteknum tíma eða ákvæði reglna sem bankinn hefur sett. Slíkum fyrirspurnum verður svarað hér eftir sem hingað til af starfsmönnum þess sviðs bankans sem við á hverju sinni.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 2. mgr. 10. gr. upplýsingalaga, nr. 50 24. maí 1996, öðlast gildi 1. janúar 1997.

Reykjavík, 23. desember 1996.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.